

Góðan dag,

Mér hefur borist boð um að senda umsögn um tillögu til þingsályktun um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp og verð glaður við þeirri áskorun.

Ég vil taka heils hugar undir þetta mikilvæga mál, sem myndi hafa mikil og víðtæk jákvæð áhrif á byggðaþróun, ferðaþjónustu, atvinnulíf, mannlíf og menningu á Ströndum öllum. Árneshreppur er einstakt byggðalag sem býr yfir mögnuðum menningararfi og þar eru miklir möguleikar í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Árneshreppsþúar hafa þurft að búa við að yfirlýsingar, viljrði og loforð um umbætur og vegagerð til þeirra hafa ítrekað verið svikin á síðustu árum. Slíkt dregur úr viðnámsþrótti byggðarinnar og hefur neikvæð áhrif á framtíðaráform og seiglu íbúanna sem þó hefur verið með hreinum ólíkindum síðustu árin. Verkefnið Áfram Árneshreppur sem hefur verið í gangi innan vébanda Brothættra byggða síðustu ár hefur að mörgu leyti haft jákvæð áhrif og blásið fólki baráttuanda í brjóst. Þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari eru mikilvæg skref til að tryggja heilsársbúsetu á svæðinu, en mestu máli skiptir þó að staðið verði við fyrri áætlanir og yfirlýsingar um vegagerð. Hér er ekki um það að ræða að taka Árneshrepp fram fyrir í röðinni, einungis að standa við gefin fyrirheit, en svíkja íbúana ekki með eilífum frestunum þangað til þeir hætta að trúá því að góður vilji hins opinbera sé fyrir hendi.

Heilsársbyggð í Árneshreppi er ennfremur mikilvæg fyrir byggð á Ströndum öllum, en ekki einungis í hreppnum sjálfum. Margvísleg þjónusta á Hólmavík, stærsta byggðakjarna á Ströndum, byggir á því hversu langt sá staður er frá næsta stærri þéttbýliskjarna. Einnig því að þaðan er margvísleg þjónusta veitt á stóru svæði og ekki síst til íbúa Árneshrepps, m.a. varðandi vegagerð, rafveitu, heilsugæslu, flutninga og verslun. Það yrði mikið áfall fyrir Hólmavík sem þjónustukjarna ef heilsársbyggð í Árneshreppi legðist af og hætta væri á víxlverkun þannig að þjónustustig á Ströndum öllum myndi lækka, t.d. hvað varðar heilbrigðisþjónustu. Slíkt myndi aftur hafa afar slæm áhrif á byggðina sunnar í sýslunni og á Hólmavík.

Með bestu kveðju,

Jón Jónsson,
þjóðfræðingur á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð